

Ræða Jóhönnu Sigurðardóttur, formanns Samfylkingarinnar, á fundi flokksstjórnar 26. júní 2010

Kæru félagar

Það er stundum sagt að yfirleitt skynji menn ekki sögulegt gildi samtímans. Mikilvægi hans verði ekki ljóst fyrr en nokkur tími er líðinn og þróun mála liggja þannig skýrari fyrir. Þetta er án efa rétt og öll vitum við að það er snúið að spá, sérstaklega um framtíðina.

Engu að síður leyfi ég mér að fullyrða að þeir tímar sem við lifum nú á Íslandi munu marka djúp spor í þróun samfélags okkar og þeir verða ófáir sagnfræðingarnir, hagfræðingarnir, félagsfræðingarnir og stjórn málafræðingarnir sem eiga eftir að rýna í þá atburði sem nú eiga sér stað á Íslandi í leit að rótum mikilla breytinga á íslensku samfélagi.

Þetta á ekki aðeins við þær miklu og sársaukafullu breytingar sem efnahagslegt hrun frjálsbyggjustefnu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og misbeiting á valdi þeirra við einkavæðingu bankanna, hafa kallað yfir samfélagið. Það á líka við um um ýmis önnur mál sem Samfylkingin hefur sett á dagskrá á þessu rúma ári sem liðið er síðan við jafnaðarmenn fengum loksins forystuhlutverkið í íslenskum stjórn málum á landsvísu.

Ég nefni stjórnlagabingið. Nú loks, eftir 15 ára baráttu okkar jafnaðarmanna mun þjóðin fá að semja sína eigin stjórnarskrá. Víðtæk umræða mun fara fram, kallað verður eftir sjónarmiðum sem flestra, kosið verður persónukjöri meðal allrar þjóðarinnar og ný stjórnarskrá samín án beinnar aðkomu stjórn málaflokkanna eða með tilliti til hagsmuna þeirra.

Það eru því vissulega spennandi og sögulegir tímar framundan. Mun þjóðin vilja eitt kjördæmi? Mun þjóðin vilja tíðar þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg mál og færa þannig valdið til fólksins? Mun hún vilja sameign þjóðarinnar á auðlindum? Mun þjóðin vilja þjóðkjörin forsætisráðherra og afnám forsetaembættis? Mun þjóðin vilja stjórnarskrárbundið bann við þátttöku í stríði?

Nú er það í hendi stjórnlagabings að útkljá þessi mál og leggja fyrir þingið fullbúið frumvarp að stjórnarskrá Íslands. Þjóðin mun síðan segja síðasta orðið við niðurstöðu stjórnlagabingsins í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég nefni umsókn Íslands að ESB. Tuttugu ára baráttumál okkar jafnaðarmanna um aðildarumsókn Ísland að ESB er orðið að veruleika. Í kjölfar samþykktar ráðherraráðs ESB nú 17. júní, er ljóst að framundan eru mikilvægar samningaviðræður um þær forsendur sem þátttaka okkar í sambandinu mun grundvallast á.

Þar höfum við allt að vinna og ég trúi því að þessi vegferð sem nú er loksins hafin af alvöru muni leiða til framfara og hagsældar fyrir íslenska þjóð. Þar einnig mun þjóðin hinsvegar hafa síðasta orðið í þjóðaratkvæðagreiðslu burt séð frá hagsmunum flokka eða stjórnmálamanna..

Eg nefni líka margvíslega réttlætismál sem aldrei hefðu orðið að veruleika nema vegna frumkvæðis og forystuhlutverks okkar jafnaðarmanna. Úrræði fyrir skuldsettar fjölskyldur, skattalækkanir og hækkaðar bætur fyrir þá sem lægstar tekjur hafa, afnám sérstakra lífeyrisréttinda stjórnmálamanna og lækkun launa æðstu stjórnenda ríkisins

Margvíslegar aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, svo sem bann við kaupum á vændi, mansalsáætlun og bann við nektarsýningum, nýtt lagaumhverfi fyrir fjármálafyrirtæki og atvinnulíf þar sem m.a. er kveðið á um að hvort kyn skuli hafa amk 40% í stjórnnum hlutafélaga, siðareglur fyrir stjórnarsýsluna, nýskipan við val á dómurum sem fyrirbyggir spillingu, lög um þjóðaratkvæði og síðast en ekki síst ein hjúskaparlög fyrir alla.

Ég leyfi mér að fullyrða að fæst af þessum málum hefðu náðst í gegn ef ekki væri fyrir breytt landslag í íslenskum stjórnmálum og forystuhlutverk Samfylkingarinnar og öll munu þessi mál marka veginn í þeirri miklu umbreytingu sem nú á sér stað á íslensku samfélagi. Þetta eru tímamótamál sem marka spor í framtíðina- tímamótamál sem segja okkur að það skiptir máli að jafnaðarmenn stjórni samfélaginu.

Kæru félagar

Niðurstöður sveitarstjórnarkosninganna voru öllum hefðbundnu stjórnmálaflokkunum vonbrigði, ekki síst okkur í Samfylkingunni. Ég ber auðvitað mína ábyrgð sem formaður flokksins. Sjálfsagt má rekja miður góða útkomu flokksins víða um land til þeirra erfiðu verka sem ríkisstjórn mín stendur í og vafalaust hefði ég getað staðið mig betur sem formaður ykkar og forsætisráðherra. Undan þeirri ábyrgð skorast ég ekki.

Það eru ekki síst við sem erum í forystu fyrir okkar flokk sem eigum að læra okkar lexíu- og standa í fararbroddi fyrir breytingar og umbætur- ekki bara í landsmálum – heldur einnig í flokknum. Verkefni okkar í forystunni er að gera fólkið um land allt - þá tugi þúsunda Íslendinga sem aðhyllast jafnaðarstefnuna í hjarta sínu - stolta af því að vera í flokknum og styðja hann sem helsta umbóta- og framfaraafl þjóðfélagsins. Það er og verður mitt markmið.

En ég segi líka við ykkur ágætu félagar- að þið eigið ekki að hika við að velja ykkur nýjan formann eða nýju forystu- ef það er mat ykkar að það þjóni betur hagsmunum jafnaðarstefnunnar. Það er hún – jafnaðarstefnan - hvernig hún er borin fram til að breyta og bæta þjóðfélagið - sem skiptir máli en ekki við sem tímabundið höfum valist til verka í forystu flokksins.

Á mér er hinsvegar engan bilbug að finna á meðan ég nýt ykkar trausts og ég finn að við erum að ná árangri í þeim mikilvægu verkefnum sem okkur hafa verið falin.

Það verður líka að halda því til haga að sveitarstjórnarmenn okkar, liðsmenn okkar gegnum tíðina og nýir frambjóðendur í okkar röðum nutu ekki allskostar sannmælis í kosningunum. Ég fylgdist vel með því hve hart okkar fólk lagði sig fram um allt land- og lagði nótt við dag fyrir málstað okkar, jafnaðarstefnuna, í kosningunum - og fyrir það vil ég svo sannarlega þakka hér.

En umhverfið í sveitarstjórnarkosningum var okkur óhagstætt. Fólk var lítið með hugann við sveitarstjórnarkosningarnar - hugur þess var bundinn við landsmálin, hrúnið, afleiðingar þess, hrúnskýrsluna. Fólk var og er reitt vegna ástandsins og vildi láta alla flokka sem verið hafa við stjórn landsins á s.l. tveimur áratugum gjalda þessa. Þá skipti litlu máli hve lengi flokkarnir hafa verið við völd hver um sig eða hver hlutur þeirra var í orsökum og afleiðingum . Allir voru settir á sama bás

En góðir félagar.

Nú er að læra af reynslunni og líta til framtíðar- með það klára markmið að jafnaðarstefnan verði ekki bara leiðarljós þjóðarinnar út úr hrúninu, heldur til frambúðar í öllu umbótar- og breytingaferlinu næstu árin.

Niðurstaða sveitarstjórnarkosninganna var enn ein birtingarmyndin á því umbreytingarferli sem íslenskt samfélag gengur nú í gegnum. Þessar miklu breytingar munu eðli málsins samkvæmt hafa áhrif á íslensk stjórnsmál og í þeim efnum er ekki sjálfgefið hvort kemur á undan, hænna eða eggid.

Sveitarstjórnarkosningarnar sýna okkur svo ekki verður um villst, að bregðist starfandi stjórnmalaflokkar ekki við breyttu samfélagi og breyttum kröfum fólksins, þá missa þeir af lestinni

Úrslitin voru áminning um að hin hefðbundnu stjórnmal, bæði hvað varðar starfshætti flokkanna og málefna grundvöll þeirra, þarf að taka til endurskoðunar. Starfandi stjórnmalaflokkar í landinu hafa aldrei fyrr fengið eins laka útkomu og auðir og ógildir seðlar hafa aldrei verið fleiri auk þess sem kosningaþátttakan var yfirleitt ekki mikil. Mitt mat er það að sveitarstjórnarkosningarnar hafi sýnt að nýtt flokkakerfi sé í mótun og það sé allsendis óvíst hvort og þá hverjir núverandi flokka muni lifa þær breytingar af.

Önnur grundvallarbreytingar á íslenskum stjórnmalum blasir einnig við nú að afloknum sveitarstjórnarkosningunum, sem styður þessa kenningu mína. Forystu gömlu flokkanna tveggja, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur verið hafnað í íslensku samfélagi aðrar kosningarnar í röð. Í fyrsta sinn í sögunni eru Framsókn og Sjálfstæðisflokkur ekki við stjórn landsins, ekki í stjórn 4 stærstu sveitarfélaga landsins og fylgi þeirra hefur ekki verið lægra frá lýðveldisstofnun. Þessi staða er því algerlega ný og hún skiptir máli í því mikla breytingaferli sem nú stendur yfir.

Þessum breyttu málefnalegu áherslum þjóðarinnar hljótum við jafnaðarmenn að fagna mjög. Áhersla almennings á siðvæðingu, almannahagsmuni og samhjálp er að verða mun fyrirferðarmeiri en áður ekki síst á kostnað einstaklingshyggjunnar, sérhagsmuna og trúarinnar á hinn frjálsa og óskeikula markað.

Kæru félagar

Samfylkingin fagnar á þessu ári 10 ára afmæli sínu og flokkurinn hefur á undanförunum árum verið að mótast sem öflug hreyfing jafnaðarmanna með samruna fjögurra eldri flokka. Í því merka ferli hefur hreyfing okkar eflst við hverja raun og málefna grundvöllur okkar styrkst. Við erum því vel í stakkbúin til að taka næsta skref og laga hreyfingu okkar jafnaðarmanna að því breytta samfélagi sem á Íslandi er að mótast - við eigum að vera virkir gerendur í endurmótun stjórnmalanna ekki síður en annarra þátta íslensks samfélags.

Það er hinsvegar ekki sjálfgefið að okkur lánist að vinna úr þessari spennandi stöðu og við þurfum að vera viðbúin og reiðubúin að færa fórnir og leggja mikið undir til að úr geti ræst. Markmiðið er og á að vera að móta lifandi og

öflugu hreyfingu jafnaðarmanna sem heldur á lofti grunngildum jafnaðarmanna um frelsi, jafnrétti og bræðralag.

Ég er að tala um hreyfingu sem hefur burði til að leiða umbreytingarferli og mótun íslensks samfélags til framtíðar, standa vörð um auðlindir þjóðarinnar, almannaþjónustuna og virka þátttöku í samfélagi þjóðanna. Í þessari stóru mynd skipta einstakir forystumenn eða einstakir flokkar eða félög litlu máli – það þarf allt að vera undir og ekkert heilagt.

Kæru félagar.

Þrátt fyrir þá staðreynd að Samfylkingin sé byggð á grunni fjögurra stjórnmalahreyfinga, þá hefur innan okkar raða skapast breið sátt um öll helstu stórmál samtímans. Ég leyfi mér að halda því fram að enginn íslenskur flokkur byggi á eins traustum málefnalegum grunni og Samfylkingin. Á sama tíma eru aðrir flokkar klofnir í mörgum af helstu málum samtímans.

Ég ætla að nefna hér örfá mál sem ég trúi að muni skipta miklu máli um þróun málefna grundvallar flokkakerfisins á næstu árum og heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Ég nefni ESB í þessu sambandi – eitt mikilvægast mál næstu ára. Samfylkingin er eini flokkurinn sem hefur skýra stefnu í þessu máli en aðrir flokkar, þrátt fyrir skiptar skoðanir innan þeirra raða berjast í raun gegn þessu grundvallar hagsmuna máli Íslands.

Ég nefni átökin um náttúruauðlindir Íslands – vatnið, jarðhitann, fiskinn og aðrar gjafir náttúrunnar. Skynsamleg nýting þessara auðlinda, samfara réttlátri skiptingu arðsins meðal þjóðarinnar, er eitt af stærstu verkefnum stjórnmalanna á komandi árum. Þá vakt verðum við jafnaðarmenn að standa af einurð – mun betur en við höfum gert á undanförunum árum.

Íhaldið hefur allt of lengi komist upp með að standa í vegi fyrir því að risastór hagsmunamál þjóðarinnar nái fram að ganga. Það á ekki síst við um að auðlindirnar verði bundnar í stjórnarskrá sem sameign þjóðarinnar.

Nú er hinsvegar okkar tími kominn - sem forystuafli í ríkisstjórn að ná þessu markmiði.

Heitum því að það verði í forgangi að festa auðlindirnar sem almannaeign í stjórnarskránni áður en næst verður gengið til kosninga.

Heitum því að stýra umsóknarferlinu við ESB í farsæla höfn.

Heitum því að þjóðin fái nýja stjórnarskrá á vakt okkar í stjórnarráðinu .

Heitum því, góðir félagar, að þjóðin fá nýtt sanngjarnt fiskveiðistjórnunarkerfi sem þjóni almannahagsmunum en ekki sérhagsmunum á meðan við stýrum þessari þjóðarskútu.

Öll þessi mál eigum við að leiða til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslum. Um þau á þjóðin að kveða upp sinn dóm.

Þessi fjögur mál verða okkar stóru verkefni og markmið á næstu misserum.

Félagar góðir

Samfylkingin getur verið brimbrjótur í þessum málum eins og svo mörgum öðrum.

Ég nefni mannréttinda og jafnréttisbaráttu okkar jafnaðarmanna, ekki síst fyrir konur og aðra hópa sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu. Það er fjarri lagi að um þessi mál ríki samstaða eða sátt í íslensku samfélagi þó slíku sé iðulega haldið fram þegar sigrarnir vinnast. Ef þeir sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu eiga sér ekki öflugna málsvara í hreyfingu jafnaðarmanna, þá verða þeir einfaldlega undir – á þá er ekki hlustað.

Ég nefni einnig þróun lýðræðis, aukna möguleika kjósenda til beinna áhrifa á einstök mál, stóraukið upplýsingaflæði og samráð um einstök mál. Leyndarhyggjan og elítustjórn málin eru hluti fortíðar sem við jafnaðarmenn viljum kveðja.

Ég nefni líka samfélagsþjónustuna sem hart hefur verið sótt að á undanförunum áratug. Okkur Íslendingum hefur verið seld sú hugmyndafræði að ríkisrekstur sé af hinu illa – samfélagsþjónusta sé vond og markmið stjórn mála ætti að snúast um að lámárka umfang ríkisins.

Við í Samfylkingunni höfum mengast um of af þessari hugmyndafræði – svokölluðum Blair-isma - og við höfum gengið allt of langt í þá átt að tala samfélagsþjónustuna niður. Ég tek Íbúðalánasjóð sem dæmi í þessum efnum – hvar værum við stödd í dag, ef Íbúðalánasjóðs hefði ekki notið við og einkaaðilar hefðu tekið allan markaðinn yfir eins og íhaldið hefur ítrekað reynt.

Einkaaðilar áttu að sjá um háskólana, sjúkrahúsin, heilsugæsluna, leikskólana, grunnskólana, framhaldsskólana, löggæsluna. Allt var betur komið í höndum einkaaðila að mati íhaldsins og af þessu eimir enn. Við þurfum að standa með samfélagsþjónustunni – standa með okkar sameiginlegu samfélagsverkefnum og tala þeirra máli. Þar getum við og eigum að standa okkur betur en á liðnum árum og á sama tíma að virkja markaðsöflin í þágu almannahagsmuna.

Síðast en ekki síst nefni ég baráttuna fyrir réttindum og kjörum láglaunafólks og lífeyrisþega. Það er og hefur verið hlutverk jafnaðarmanna að standa með baráttu þessara hópa. Á sama tíma og það er okkar hlutverk að standa með og standa fyrir uppbygginu heilbrigðs atvinnulífs kemur það í okkar hlut að tryggja að arðurinn af þjóðarframleiðslunni skiptist sem jafnast, ekki síst að eðilegur hluti hennar falli hinum verst stöddu í skaut.

Í þessum efnum höfum við andstæðurnar í stefnu gömlu flokkanna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem með markvissum hætti juku misskiptinguna í íslensku samfélagi allan síðasta áratug. Nú er það okkar hlutverk að snúa þróuninni við.

Kæru félagar

Lengi hefur legið fyrir að kosningaþátttaka og áhugi á stjórnmálum er mikill hér á landi. Ný, en óbirt, rannsókn á félagsaðild og virkni í íslenskum stjórnmalaflokkum sýnir að Ísland hefur algera sérstöðu hvað varðar þátttöku í stjórnmalstarfi. Rúm 27% kjósenda segjast vera félagar í stjórnmalaflokki og af þeim segist tæpur helmingur vera virkur í þeirra starfi.

Sé þessi virki hópur brotinn niður eftir stjórnmalaflokkum kemur í ljós að hlutfallslega, þ.e. samanborið við kjörfylgi, er virkni og flokksaðild lang hæst í Sjálfstæðisflokknum, en í Samfylkingu og Vinstri grænum er bæði félagsaðild og virkni umtalsvert undir því sem ætla mætti út frá kjörfylgi þeirra. Staða Samfylkingarinnar er þó umtalsvert betri en Vinstri grænna.

Hér eigum við því tækifæri. Það er mikinn félagsauð að sækja í raðir kjósenda Samfylkingarinnar. Bæði með fjölgun félaga og aukinni virkni þeirra. Fjölgun Samfylkingarframboða í nýliðnum kosningum er mikilvægt skref í þessa átt en úti um land tengist starf og styrkur flokka mikið þátttöku þeirra í sveitarstjórnnum.

Við erum þar tel ég komin að kjarna málsins í því að efla flokksstarfið og flokksaðild. Fólk tekur þátt í stjórnmalastarfi til að hafa áhrif, styðja mikilvægan málstað og einstaklinga sem það telur geta lagt honum lið. Sveitarstjórninar eru þar lykilaðilar, auk félaga og stofnana flokksins, þingmanna og ráðherra.

Í október fáum við vonandi dýrmætar ábendingar og tillögur frá Umbótanefndinni sem styrkja mun flokkinn og okkar innra starf, en við skulum hefjast handa fyrr. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Ég vil nefna sérstaklega þrjú atriði. Í fyrsta lagi eflingu Samfylkingarfélaga úti um land, í öðru lagi markvissara og lýðræðislegra málefnastarf og stefnumótun og í þriðja lagi aukið samráð og tengsl við líklega stuðningsmenn flokksins. Allt þetta tel ég lykilþætti í framtíðaruppbyggingu flokksins.

Formlega eru til um 70 Samfylkingarfélög með tæp 21.000 skráða félagsmenn, en starfsemi og fjöldi virkra félaga er mjög mismikill. Stjórnirnar og sveitarstjórnarfólk á hverjum stað gegna lykilhlutverki, en þingmenn okkar og skrifstofa eiga einnig að koma þar að.

Ein af jákvæðu fréttunum frá síðustu sveitarstjórnarkosningum er að í sjö sveitarfélögum var í fyrsta skipti boðinn fram listi undir merkjum Samfylkingarinnar og fulltrúar flokksins í sveitarstjórnnum eru nú 42. Til viðbótar koma svo fulltrúar okkar á blönduðum listum, en fjöldi þeirra var svipaður milli kosninga. Á þessum grunni þurfum við byggja uppbyggingarstarfið á næstu misserum.

Við vitum einnig að flokksstarf kostar peninga og að þar er þrengra um en áður varðandi framlög frá fyrirtækjum, auk þess sem ríkisstyrkir hafa verið skornir niður. Minna fé þýðir að við verðum að reiða okkur meira á sjálfböðastarf, en eigi það að takast, þarf fólk að sjá tilgang með félagsaðild og –þátttöku.



Ein mikilvæg leið til þess er uppbygging markvissara málefna- og stefnumótunarstarf Samfylkingarinnar.

Málefna- og stefnumótunarstarf af þessu tagi krefst mikillar vinnu og utanumhalds, en ég tel að við eigum að forgangsraða í þágu þess og nýta betur allan þann fjölda félagsmanna sem er tilbúinn til slíks starfs fyrir flokkinn.

Ég tel m.a. að við þurfum fastar starfsnefndir sem starfa milli landsfunda og hafi það hlutverk að

- a. styrkja tengsl stefnumótunar flokksins við starf okkar þingmanna og ráðherra, vera bakhjarl þeirra í stefnumótun í málum sem upp koma
- b. tryggja aðkomu flokksmanna að þeirri stefnumótun
- c. standa fyrir opnum fundum og ráðstefnum þar sem mál eru rædd og prófuð
- d. undirbúa ályktanir fyrir landsfundi.

Við þurfum líka að breikka faðminn – tengjast betur þeim stóra hópi einstaklinga sem deilir hugsjónum okkar og hugmyndum um þau brýnu mál sem framundan eru en treystir sér ekki til að ganga til liðs við flokkinn á þessum tímapunkti.

Fólkinu sem sér aðild að Evrópusambandinu og upptöku Evru sem hina réttu leið. Fólkinu sem vill standa vörð um eignarhald þjóðarinnar á auðlindum landsins og sjálfbæra nýtingu þeirra þjóðinni til hagsbóta. Fólkinu sem vill kröftuga uppbyggingu sjálfbærs atvinnulífs, þar sem hagur launþega og samfélagsgildi eru í hávegum höfð í stað einstaklingshagsmuna og ofsagróða.

Fólkinu sem vill að Ísland verði fyrirmyndarríki í mannréttindamálum, jafnréttismálum, lýðræðisþróun og baráttu fyrir hagsmunum og kjörum þeirra sem lakast standa. Við eigum að leita til þessa fólks, bæði í gegnum flokksstarf, viðhorfshópa, laustengd félög og með öllum þeim ráðum sem við höfum. Við þurfum að vinna með þeim sem styðja baráttumálum okkar jafnaðarmanna við hvert mögulegt tækifæri

Ég mun leggja það til við framkvæmdastjórn flokksins að við fáum frá henni tillögur að markvissara skipulagi og starfsháttum í okkar málefna- og stefnumótunarstarfi þannig að þær liggi fyrir á fyrsta flokksstjórnarfund haustsins,

Kæru félagar

Við höfum sannarlega verk að vinna á vettvangi flokksins og við eigum að ganga til þeirra verka með bjartsýni og gleði – full sjálfstrausts og sigurveila. Hið sama verðum við að gera gagnvart þeim gríðarlegu verkefnum sem bíða okkar í landsmálunum og á vettvangi sveitarstjórnanna. Þrátt fyrir hið fordæmalausa áfall sem íslenskt efnahagslíf varð fyrir með bankahruninu – áfall af stærðargráðu sem engin nútímaþjóð hefur þurft að glíma við áður, hefur okkur lánast ótrúlega vel að vinna úr stöðunni.

Sú áætlun sem ríkisstjórnin vinnur eftir er að skila árangri og nú skiptir máli að halda áfram á sömu braut. Framundan er mikill niðurskurður á næsta ári, bæði hjá ríki og mörgum sveitarfélögum og þá mun þurfa sterk bein og forgangsröðun. Þá skiptir máli sem aldrei fyrr að gildi jafnaðarmanna um réttlæti og jafnræði verði höfð í heiðri og þeir hópar sem lakast standa verði varðir eins og kostur er. Allt bruðl og allan flotræfilshátt þarf að skera burt.

Framundan er einnig endurskoðun stjórnarskrárinnar – þjóðfundur, stjórnlagagæping og þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá.

Framundan er umsóknarferlið um ESB, baráttumál jafnaðarmanna um áratugi sem þarf að nýta vel. Mistakist okkur í þessu ferli núna er allsendis óvíst hvort og þá hvenær næsta tækifæri kemur. Þarna þurfum við því öll að leggjast á árarar.

Framundan er einnig það mikla verkefni að tryggja áframhaldandi frið á vinnumarkaði og sáttargjörð um áframhaldandi endurreisn. Flestir kjarasamningar eru lausir frá lokum þessa árs og vaxandi óánægju og óþreyju gætir augljóslega innan raða launþega og atvinnurekanda með ástand mála. Þetta er ekki óeðlilegt, enda reynir á þolrif allra að takast á við vanda eins og þann sem við glímum við.

Það breytir því ekki að eina leiðin út úr vandanum er samstarf og sátt allra helstu aðila samfélagsins um áframhaldandi endurreisn. Það er ekki valkostur að efna til átaka í þeirri stöðu sem Ísland er í – það á bæði við um stjórnmálaflokkana, aðila vinnumarkaðarins og ríki og sveitarfélög. Verkefni okkar er að ná sátt og sameinast um uppbygginguna sem framundan er.

Kæru félagar.

Ég heiti á ykkur öll að bretta nú upp ermar. Samfylkingin leggur nú af stað í nýtt breytingarferli og þarfnast allra ykkar krafta.

Dugnaður, hugmyndaauðgi, samstarfsvilji, umburðarlyndi og fórnfýsi þurfa að verða einkunarorð okkar jafnaðarmanna á næstu misserum og við skulum einsetja okkur að skapa heilbrigðara og betra umhverfi stjórnmalanna á Íslandi.

Við skulum gera flokkinn okkar að enn breiðari og kröftugri vettvangi fyrir hugsjónabaráttu jafnaðarmanna og tryggja þannig áframhaldandi forystu jafnaðarstefnunnar við umbreytingu Íslensks samfélags.